

Samfélagsskýrsla IKEA 2023





Efnisyfirlit

4-5		Ávarp framkvæmdastjóra
6-9		Hluti af lausninni
10-11		Stefna IKEA
12-13		IKEA sýnin er okkar innblástur
14-15		Sjálfbærnistefna IKEA
16-17		Siðareglur IKEA á heimsvísu
18-21		Hvernig getur IKEA haft jákvæð áhrif?
22-23		Árangur IKEA á alþjóðavísu árið FY23
24-33		Þrjár aðaláherslur
34-35		Jafnlaunastefnan og jafnvægisvog
36-37		80 ára afmæli
38-39		Fullt fullt af fólki
40-47		Um okkur / 47 Þjóðerni / Stik / Hobbý hópar
48-49		UFS (ESG) skýrslugerð
50-51		Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
52-53		Sjálfbærnitímalína IKEA
54-55		Flokkunar og endurvinnsluhlutfall
56-59		Fræðsla um flokkun / Minnkun matarsóunar
60-63		Rafhleðslustæði / Umbúðalaust
64-69		Styrkir
70-79		Samstörf
80-83		Plokkdagur / Nærumhverfi / Umhverfishópur
84-85		Íslenska ánægjuvogin
86-89		Vörumerkið
90-93		Umhverfisstefna IKEA á Íslandi
94-97		Lykiltölur



Ávarp framkvæmdastjóra

Sjálfbærni er hluti af allri starfsemi IKEA. Hún hefur verið hluti af starfseminni frá upphafinu í Suður-Svíþjóð fyrir 80 árum þar sem nýtni og virðing fyrir umhverfinu voru sterk gildi. Formleg umhverfisstefna og markmið henni tengd komu síðar. Sem stærsti húsgagnaframleiðandi í heimi er ábyrgðin mikil og sú staða er líka tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á hversdagslíf fólks um allan heim. Markmið IKEA er að gera sjálfbært líf eftirsóknarvert, aðgengilegt, aðlaðandi og hagstætt fyrir sem flesta.

Hjá IKEA á Íslandi höfum við axlað þá ábyrgð á meðvitaðan hátt um árábil og leitum sífellt leiða til að gera betur. Sjálfbærni í IKEA nær lengra en vörurnar og reksturinn; hún nær utan um samband okkar við viðskiptavini, hvernig við leikum hlutverk í nærsamfélaginu og í víðara samhengi. Í þessari skýrslu færðu innsýn í aðgerðir okkar og áskoranir, auk markmiða til framtíðar.

Stefán R. Dagsson, framkvæmdastjóri IKEA.





Hluti af lausninni

Sjálfbærni er eitt mikilvægasta viðfangsefni okkar jarðarbúa og áskoranirnar eru þess eðlis að það er nauðsynlegt að hugsa lausnirnar út frá heildinni. Þróunin hefur verið hröð undanfarin ár og fólk verður sífellt meðvitaðra um bæði eigin ábyrgð og ábyrgð fyrirtækjanna sem það kýs að skipta við. Þegar kemur að umhverfisáhrifum fyrirtækja er svo sannarlega í mörg horn að líta, og fyrirtæki eins og IKEA þurfa að axla sína ábyrgð í þeim samfélögum þar sem þau starfa. Í krafti stærðarinnar getur IKEA haft mikil jákvæð áhrif. Við höfum tekið stór skref og saman getum við tekið fleiri og stærri skref í átt að sjálfbærni og aukið þannig velferð jarðarinnar og fólksins sem hana byggir.



Við viljum vera í fararbroddi við að veita fólki innblástur til að lifa heilsusamlegu og sjálfbærara lífi í sanngjörnu samfélagi. Þess vegna leggur IKEA sífellt meiri áherslu á sjálfbærni. Verið er að endurhugsa allt frá því hvernig við hönnum hluti til þess hvernig við framleiðum þá, hvernig við veljum hráefni, flytjum, seljum og lokum svo hringrásinni þannig að tryggt sé að ekkert fari til spillis.

IKEA ætlar að vera hluti af lausninni.



Stefna IKEA

Sýn IKEA er „að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta“, sem er stýrt af viðskiptahugmyndinni „að bjóða upp á vel hannaðan húsbúnað á það lágu verði að sem flestir hafi efni á að kaupa hann“.

Þessi sýn hefur áhrif á allt sem við gerum. Vörurnar sem við þróum, hugmyndirnar sem við deilum, hráefnið sem við notum, já, allt saman. Þess vegna er hún svo öflug og næm á sama tíma.

Sýnin er áttavitinn sem leiðir okkur öll í sömu átt. Hún heldur okkur á jörðinni og einbeittum í því að vera aðgengileg og vandvirk í því að gera það sem kemur sem flestum vel.

Það eru margar ástæður fyrir því hve stolt við erum af sýn okkar. Sú helsta er þó að hún styður okkur í daglegum störfum. Hún er nytsamlegt verkfæri og það er ekki bara eitthvað sem við segjum.

Sýn okkar býr í daglegum verkefnum starfsfólksins, um allan heim.





IKEA sýnin er okkar innblástur

Til að IKEA á alþjóðavísu geti náð fram miklum og jákvæðum breytingum í heiminum höfum við sett okkur sjálfbærnistefnu bæði hérlandis og erlendis. Hún er hvatning, aðhald og leiðir okkur áfram við ákvarðanatöku og markmiðasetningu. Stefnan er vegvísir okkar og útlistar sterka sameiginlega langtímaáætlun. Í þessari vinnu, eins og allri annarri vinnu innan IKEA, er það sameiginlega sýnin sem er okkar leiðarljós – að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.



Sjálfbærni- stefna IKEA

Sem alþjóðlegt stórfyrirtæki erum við meðvituð um áhrifin sem við getum haft á heiminn án þess að ganga á auðlindir jarðar. Við viljum nýta okkur stærðina til að ná til sem flestra og hvetja til sjálfbærari lifnaðarháttar. Umhverfisstefna IKEA á alþjóðavísu, People & Planet Positive, kom fyrst út árið 2012 og í henni voru tiltekin markmið sem að mestu hefur verið náð, til dæmis að nota eingöngu bómull af ábyrgum uppruna, selja eingöngu LED lýsingu í IKEA og nota eingöngu pappír og við af vottuðum uppruna. Stefnan var uppfærð árið 2018 með nýjum markmiðum til ársins 2030.





Siðareglur IKEA á heimsvísu

IWAY eru siðareglur birgja IKEA og þær skilgreina til hvers við ætlumst af birgjum okkar í virðiskeðju IKEA hvað varðar umhverfið, dýravelferð og síðast en ekki síst góð starfsskilyrði og starfsánægju. Staðlinum er skipt í almennan hluta og aukahluta og hann er byggður á tíu grunnreglum. Hver grunnregla er svo studd IWAY kröfum sem allir birgjar IKEA, en þeir eru rúmlega 9.500 talsins, þurfa að standast til að geta efnt til samstarfs við IKEA og viðhaldið því.

ICoconducterusiðareglursemeigaað tryggjaað sérleyfishafar IKEA um allan heim hafi ákveðna og samræmda ferla yfir skilvirkar mælingar, skýrslugjöf og viðbragðsáætlanir vegna atburða eða annars sem gæti haft neikvæð áhrif á reksturinn og IKEA vörumerkið. Sérleyfishöfum IKEA er skylt að tilkynna varasöm atvik og fara eftir ákveðnum ferlum í samráði við Inter IKEA Systems B.V. IConduct siðareglunum er skipt niður í sjö kafla og hver þeirra hefur ábyrgðarmanneskju sem hefur yfirsýn yfir stöðuna og sinnir árlegri úttekt.





Hvernig getur IKEA haft jákvæð áhrif?

Áætlað er að loftslagsspor IKEA nemi 0,1% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Því ber IKEA mikla ábyrgð og þarf að leggja sitt af mörkum við takmörkun hlýnunar jarðar. Stærð fyrirtækisins á heimsvísu veitir einstakt tækifæri til að sýna fordæmi í jákvæðum breytingum á jörðinni, fólki og samfélagi.

Skuldbindingar IKEA á heimsvísu miðast við að hitastig jarðar hækki ekki meira en um 1,5°C. Þá hefur fyrirtækið einnig skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 15% í virðiskeðjunni fyrir árið 2030 (samanborið við 2016). Þetta þýðir að samanlagt, með áætluðum vexti á sama tíma, muni loftslagsspor hvernar vöru minnka um 70% að meðaltali.





Við horfum gagnrýnum augum á alla anga fyrirtækisins, hvetjum til umræðna og gerum viðskiptavinum og starfsfólki kleift að taka þátt. Hver og einn getur sýnt fordæmi og mikilvægt er að skoða hvernig hægt er að ná til eins margra og mögulegt er.

Mikilvægur hluti okkar starfsemi er að nýta stærð, sköpunarkraft, nýsköpun og þekkingu innan fyrirtækisins á heimilislífi til að koma á breytingum til batnaðar. Þegar við tölum um jákvæð áhrif þýðir það að við stefnum alltaf að því að hafa áhrif út fyrir fyrirtækið. Við skuldbindum okkur til að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.



Árangur IKEA á alþjóðavísu árið FY23

Það er sjaldan mikilvægara að halda stefnu í rétta átt á krefjandi tímum. Á þessu ári dróst loftslagsspor IKEA á heimsvísusamanum 22% saman borið við viðmiðunarárið FY16. IKEA hefur skuldbundið sig til að minnka loftslagsspor sitt um helming fyrir FY30 og ná algjöru hlutleysi fyrir FY50, eða fyrr ef hægt er. IKEA hefur einnig aukið notkun endurnýjanlegrar raforku í rekstri verslana og í framleiðslu. Þá hefur loftslagsspor frá vörunotkun á heimilum fólks dregist saman um helming saman borið við FY16 og magn plastumbúða hefur dregist saman um meira en 40%. IKEA kynnti lífrænt lím, sem og vann að nýrri tækni sem gerir kleift að endurvinna trefjaplötur. Í fyrsta sinn var notast við afganga úr leirframleiðslu til að búa til nýja línu, SILVERSIDA. IKEA hélt jafnframt áfram sinni vinnu að stuðla að sanngjörnu og jöfnu samfélagi.





Þrjár aðaláherslur

IKEA á Íslandi starfar eftir alþjóðlegri umhverfisstefnu IKEA, People & Planet Positive, ásamt því að móta sér eigin stefnu og setja markmið. Samfélagsábyrgð er og hefur lengi verið mikilvæg í starfsemi IKEA á Íslandi og fær sífellt meiri áherslu. Við leitum leiða til gera betur og veita aðhald, til dæmis með því að mæla losun gróðurhúsalofttegunda og fylgjast með árangri í gegnum umhverfisstjórnunarkerfi Klappa. Áskoranir fyrirtækisins á því sviði eru af ýmsum toga, meðal annars að gott jafnvægi ríki milli fjárhagslegs vaxtar annars vegar og jákvæðra samfélagslegra og umhverfisáhrifa hins vegar. Í umhverfisstefnunni er áskorunum og markmiðum skipt niður í eftirfarandi þrjá flokka:



Heilsusamlegt og sjálfbært líf

IKEA á heimsvísu hefur skuldbundið sig til að gera hundruðum milljóna einstaklinga kleift að gera daglegt líf betra og veita innblástur innan þolmarka jarðarinnar. Heimili og lifnaðarhættir hafa mikil áhrif á heilbrigði, líðan og náttúruna. Víða í heiminum eru vatn, matvæli og loftgæði áhyggjuefni og áhrif mengunar og úrgangs eru nú þegar áþreifanleg í daglegu lífi margra. Sem húsbúnaðarfyrirtæki leggjum við mikla áherslu á að nota sjálfbærari efnivið, ferli og lausnir og sem veitingastaður og matvöruverslun reynum við af fremsta megni að hafa hráefnið heilsusamlegt og næringarríkt. Við bjóðum viðskiptavinum einnig sjálfbærari lausnir og þjónustu ásamt því að veita innblástur og auðvelda fólki að gera jákvæðar breytingar á lífsstíl og vera sjálfbærari neytendur. Mikilvægur hluti af því að stuðla að heilsusamlegu og sjálfbærara lífi er að miðla upplýsingum um vörurnar til að auðvelda viðskiptavinum að velja sjálfbærari vörur, vekja fólk til umhugsunar og hvetja önnur fyrirtæki til að huga að þessum málum.





Hringrás og jákvæð loftslagsáhrif

Umsvif fyrirtækisins á alþjóðavísu gera okkur kleift að hafa áhrif á og jafnvel umbreyta atvinnugreinum á jákvæðan hátt með skilvirkri framleiðslu, flutningum og þjónustu. Það býður einnig upp á betri möguleika á finna lausnir sem hjálpa fólki að draga úr umhverfisáhrifum og hvetja til hringrásarhugsunar og sjálfbærari neyslu. Við viljum koma til móts við nútímaparfir og óskir fólks án þess að það sé á kostnað komandi kynslóða.



Sanngirni og jafnrétti

Við stöndum frammi fyrir mörgum áskorunum í heiminum í dag og við erum sannfærð um að IKEA geti veitt innblástur og haft jákvæð áhrif á samfélagslega þróun.

- ▶ Með því að veita starfsfólki í allri virðiskeðjunni mannsæmandi laun við góðar vinnuaðstæður.
- ▶ Börn og fjölskyldur hafa alltaf verið í brennidepli hjá IKEA. Við styðjum við jafnrétti kynjanna sem og jaðarhópa í samfélögum.
- ▶ Sýn IKEA og metnaður nær yfir alla virðiskeðjuna og við gerum sömu eða hærri kröfur gagnvart okkur sjálfum og okkar birgjum og viðskiptafélögum.
- ▶ IKEA á Íslandi hefur sett sér eigin siðareglur fyrir starfsfólk.





Hjá IKEA starfar ótrúlega fjölbreyttur mannauður af 47 þjóðernum.



Við hjá IKEA höfum skýrar stefnur og áætlanir sem snúa að mannauði okkar. Til að mynda erum við með viðbragðsáætlun gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, einelti og ofbeldi, sem og jafnréttisáætlun og mannauðsstefnu. IKEA á Íslandi úthlutar styrkjum til fjölda verkefna árlega sem varða börn, hönnun og önnur málefni tengd starfseminni. Allt starfsfólk klæðist starfsmannafatnaði, sem er liður í að draga úr stéttaskiptingu innan fyrirtækisins og er í anda gilda IKEA um samheldni og jafnrétti.



HLUTVERK MANNAUÐSSVIÐS

Að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta byrjar með því að gera daglegt líf þægilegra fyrir starfsfólk IKEA.

Jafnlaunastefnan og jafnvægisvog

Markmið jafnlaunastefnu IKEA á Íslandi er að tryggja launajafnrétti innan fyrirtækisins fyrir tilstilli jafnlaunakerfis. IKEA á Íslandi skuldbindur sig til að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir sambærilega frammistöðu og jafnverðmæt störf óháð kyni, kynþætti eða öðrum órökstuddum viðmiðum. Jafnlaunastefnan og framkvæmd hennar er hluti af jafnréttisáætlun fyrirtækisins. Allir stjórnendur fyrirtækisins skuldbinda sig til að framfylgja henni en endanleg ábyrgð liggur hjá mannauðsstjóra fyrirtækisins. Jafnlaunastefnan er unnin samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85 og fylgir viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem eru í gildi á hverjum tíma.

IKEA fékk viðurkenningu jafnvægisvogar FKA rekstrarárið FY23. Viðurkenningin er veitt fyrirtækjum sem hafa náð að jafna kynjahlutfall í efsta lagi stjórnar. Viðurkenningarhafar voru samtals 76 í ár; 59 fyrirtæki, 6 sveitarfélög og 11 opinberir aðilar. Jafnrétti er okkur mikilvægt í IKEA; ekki aðeins jafnrétti kynjanna heldur einnig jafnrétti í hvaða mynd sem er. Við erum stolt af viðurkenningunni enda eru það sönn forréttindi að njóta eins mikillar fjölbreytni og við gerum á okkar vinnustað.





80 ára afmæli

Í ár eru 80 ár síðan Ingvar Kamprad stofnaði fyrirtækið sitt, IKEA. Hann nefndi fyrirtækið eftir upphafsstöfum sínum ásamt upphafsstöfum fjölskyldubæjarins Elmtaryd og sveitarfélagsins Agunnaryd. Á þessum tíma var IKEA þó ekki húsgagnaverslun heldur seldi Ingvar ýmislegt annað, svo sem eldspýtur, penna og jólakort, þrátt fyrir ungan aldur. Eftir stríð byggði sænska ríkisstjórnin mikið af húsnæði og bauð upp á húsbúnaðarlán. Auk þess voru margar litlar húsgagnaverksmiðjur í Smálöndunum. Það var þá sem Ingvar fór að huga að húsgögnum en þau voru frumsýnd í bæklingi árið 1948 og skrifaði Ingvar að IKEA myndi auka úrvalið ef viðskiptavinir sýndu hæfilegan áhuga, sem þeir gerðu.



Fullt, fullt af fólki

Við stöndum með fjöldanum en hver eru það sem tilheyra fjöldanum?

Í okkar augum samanstendur fjöldinn af viðskiptavinum okkar, samstarfsfólki, birgjum og fleirum. Við getum skipt sköpum fyrir fólk með stóra drauma og takmörkuð fjárráð. Það gæti verið þú, ég eða hver sem dreymir um að gera daglegt líf á heimilinu betra.

Stóri draumurinn okkar er að ná enn betur til fjöldans. Til að það geti orðið að veruleika þurfum við að verða opnari og aðgengilegri og skapa pláss fyrir öll, sérstaklega þau sem við náum illa til í dag, og rödd þeirra fái að heyrast. Við tökum fjölbreytileika markaða okkar fagnandi og gerum fleirum kleift að hafa áhrif á IKEA og hjálpa okkur að verða betri í dag en í gær.

Betra aðgengi krefst nýrra samstarfsaðila, nýrrar hugsunar og mikillar vinnu. Það kemur til með að krefjast samstillts átaks þar sem við bjóðum viðskiptavinum okkar og birgjum að slást í för með okkur í leitinni að bestu hugmyndunum.



*Að gera daglegt líf betra fyrir
sem flesta.*





Hej!

Um okkur

Í dag starfa um 480 manns frá 47 þjóðernum hjá IKEA á Íslandi, í lifandi alþjóðlegu umhverfi. Þessi stóri samheldni hópur vinnur daglega að framgangi hugmyndafræði IKEA: „Að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta“.

Fjölbreytni er lykill að velgengni. Hjá IKEA fögnum við öllum víddum fjölbreytileikans. Við leggjum áherslu á að skapa vinnuumhverfi þar sem öll eru velkomin, virt, efld og vel metin, sama hver þau eru eða hvaðan þau koma.

47 ÞJÓÐERNI



ALBANÍA - 2



BANDARÍKIN - 1



BELGÍA - 1



BRETLAND - 4



BÚLGARÍA - 2



EGYPTALAND - 1



EPÍÓPÍA - 1



FILIPPSEYJAR - 23



FRAKKLAND - 1



FÆREYJAR - 1



GAMBÍA - 1



GRIKKLAND - 1



GRÆNHÖFÐAEYJAR - 1



GÍNEA - 1



INDÓNESÍA - 3



ÍRAK - 1



ÍRAN - 3



ÍSLAND - 309



ÍTALÍA - 1



KENÝA - 2



KRÓATÍA - 1



LETTLAND - 1



LITHÁEN - 9



MALASÍA - 1



MALÍ - 1



MOLDÓVA - 1



NEPAL - 9



PAKISTAN - 1



PORTÚGAL - 4



PÓLLAND - 27



RÚMENÍA - 12



RÚSSLAND - 3



SERBÍA - 2



SLÓVAKÍA - 2



SÓMALÍA - 1



SPÁNN - 1



SRI LANKA - 1



SVÍÐJÓÐ - 1



SÝRLAND - 3



TÉKKLAND - 1



TAÍLAND - 1



TYRKLAND - 3



UNGVERJALAND - 3



ÚGANDA - 1



ÚKRAÍNA - 1



VENESÚELA - 15



VÍETNAM - 26

STIK

Hjá IKEA er starfrækt starfsmannafélag sem í daglegu tali er kallað STIK. Þeir starfsmenn sem hafa náð 18 ára aldri eru skráðir sjálfkrafa í félagið en hægt er að óska eftir því að vera ekki félagi.

Mikið hefur verið um að vera hjá STIK síðastliðið rekstrarár, svo sem lasertag, jólaföndur, jólasveinagjafir, pub-quiz, bío, nammibar, Smálandaleikar, Eurovisionleikur, páskabingó og fjölskyldudagur.

Góð mæting hefur verið á viðburði STIK og byggir hver viðburður gott andrúmsloft og frábæra stemningu innan vinnustaðarins.

Stærri viðburðir sem starfsmannafélagið kemur ekki beint að eru hausthátíðin Kick-off, árshátíð og jólahlaðborð.





Hobbý hópar

Samskipti, vinátta og félagslegar athafnir gefa lífinu aukið gildi og eru því mikilvægur þáttur í því að stuðla að starfsánægju. Á fjölmönnum vinnustað eru áhugamálin fjölbreytt og vinahóparnir margir. Í IKEA eru því nokkrir hobbý hópar sem hittast reglulega, svo sem handavinnuhópur, fótboltahópur, veiðihópur, hlaupahópur og fleiri.



UFS (ESG) skýrslugerð

Á árinu hófst vinna við gerð UFS (e. ESG) skýrslu samkvæmt nýrri tilskipun Evrópusambandsins sem tekur gildi á næsta ári. UFS stendur fyrir umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti lagatillögu árið 2021 að tilskipun um sjálfbærniskýrslugerð fyrirtækja (CSRD). Skýrslan er skrifuð eftir ESRS stöðlum sem EFRAG (European Financial Reporting Advisory Group) gefur út.

Stór eða skráð fyrirtæki þurfa að veita slíkar sjálfbærniupplýsingar en kröfur ESRS eru ítarlegar og þurfa fyrirtæki til að mynda að samræma starfsemi og stefnu við sjálfbærnivegferð og loftslagsmarkmið stjórnvalda.

Rekstrarfélag IKEA á Íslandi er ekki skráð fyrirtæki og verður því ekki í fyrsta hópi þeirra fyrirtækja sem krafín verða um slíka skýrslu, en með góðum undirbúningi verðum við betur undir það búin þegar röðin kemur að okkur.



Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Flestum alþjóðlegum áskorunum og kröfum um aðgerðir er lýst í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin komu út árið 2015 og veita hvetjandi ramma fyrir sameiginlegar aðgerðir. Þau leiðbeina okkur þegar við eigum viðskipti, setjum okkur markmið og vinnum með virðiskeðju okkar. Það má finna tengingu milli starfsemi IKEA og allra Heimsmarkmiðanna og við hjá IKEA styðjumst við þau sem leiðarvísi til jákvæðra breytinga.



Sjálfbærnitímalína IKEA




2013 Samgöngustyrkur
til starfsmanna


Jafnlaunavottun




2023 UFS skýrslugerð
hófst



2022 Gervigreind
til að sporna
við matarsóun
Samstarf
við Plastplan



2025 Markmið um
90% flokkun
Draga úr heildar-
losun um 20%
miðað við FY16



2030 Kolefnishlutleysi
IKEA á heimsvísu



2014 Hleðslustæði
fyrir rafbíla

Nýtt stöðugildi
umhverfisfulltrúa



2016 Aðild í Festu




2020 Sölu á einnota
plastvörum hætt




2018 Kolefnisbókhald
í gegnum Klappir

Gerð samfélags-
skýrslu hófst

Flokkunar- og endurvinnsluhlutfall





Markmið okkar í flokkun er að ná flokkunarhlutfalli í 90% og endurvinnsluhlutfalli í 75% í lok rekstrarársins 2025.



Fræðsla um flokkun

Flokkun er okkar hjartans mál og við leitum stöðugt leiða til að auka hana. Brugðist var við á árinu þegar hægðist á aukningu og gerður var fræðslubæklingur fyrir starfsfólk, auk þess sem hafa verið haldin regluleg flokkunarnámskeið, sem hefur verið mikil ánægja með. Framundan eru flutningar í nýtt húsnæði sem verið er að byggja við núverandi hús og þar fáum við fyrirmyndarflokkunaraðstöðu, alla undir þaki.





Minnkun matarsóunar

Meðal markmiða okkar er að draga úr matarsóun á veitingasviði, sem við gerum með búnaði sem nýtir gervigreind til að greina lífrænan úrgang. Búnaðurinn tekur mynd, vigtar og óskar eftir upplýsingum um það sem er fargað. Kerfið sýnir okkur meðal annars hve miklu við hendum, hversu mörgum máltíðum við hendum, heildarverðmæti og kolefnissporið af því sem er hent. Þannig fáum við upplýsingar um hvar megi gera úrbætur.



Rafhleðslu- stæði

IKEA á Íslandi hefur ákveðið að vera í fararbroddi fyrirtækja og verslunarmiðstöðva á Íslandi í að bjóða viðskiptavinum upp á hleðslustæði fyrir rafbíla. Frá því að fyrsta hleðslustöðin var sett upp fyrir utan verslunina sumarið 2014 fjölgaði þeim hratt og hafa verið 60 talsins síðan 2018. Hleðslan hefur alltaf verið án endurgjalds í stöðvum í eigu IKEA, bæði fyrir viðskiptavinum og starfsfólk.

Tvö hleðslustæði eru breiðari og merkt hreyfihömluðum og voru það fyrstu hleðslustæðin á landinu sem sérstaklega voru merkt hreyfihömluðum. Það er von okkar að hleðslustæðin sé hvatning fyrir bæði almenning að skipta yfir í þennan umhverfisvænni ferðamáta og fyrir fyrirtæki og stofnanir að efla enn frekar aðgengi að hleðslustöðvum.





Umbúðalaust

Í umbúðalausum bjóðum við upp á vörur sem við getum ekki selt inni í verslun vegna þess að þær eru samsettar, ekki í umbúðum eða frábrugðnar að öðru leyti. Vörunum hefur mögulega verið skilað, þær notaðar sem sýnishorn eða hafa smávægilega galla. Viðskiptavinum býðst að versla þessar vörur á lægra verði og færa vörunum þannig nýjan tilgang og efla hringrásina.



Samgöngu- styrkur

Öllu starfsfólki IKEA stendur til boða mánaðarlegur skattfrjáls styrkur gegn því að nýta sér vistvænan og heilsusamlegan samgöngumáta til og frá vinnu. Samgöngustyrkurinn hefur verið í boði síðan 2013.





Heilsueflingar- styrkur

Starfsfólk IKEA getur árlega sótt um styrk til fyrirtækisins fyrir heilsurækt. Undir heilsueflingarstyrk falla íþróttir og þjónusta vegna forvarna og til heilsueflingar sem þjónustuð er af þriðja aðila, t.d. aðgangur að líkamsrækt, sundlaugum, skíðasvæðum, greiðsla á æfingagjöldum í íþróttasali eða félagsgjöld í íþróttafélög, sjúkraþjálfun, sjúkranudd, sálfræðiþjónusta, hugleiðsla eða vegna annarra heilsueflingar sem stundað er með reglulegum hætti.



Námsstyrkur

Fyrir starfsmenn sem hafa áhuga á að þróa sína persónulegu hæfni og þekkingu og um leið hafa áhrif á framtíð sína þá stendur til boða að sækja um námsstyrk eftir 18 mánuði í fullu starfi hjá fyrirtækinu.





Miðstöð slysavarna barna

Flest slys verða á heimilinu eða í nágrenni við það en oftast er hægt að koma í veg fyrir þau. Húsgögn og húsbúnaður sem þú velur – og hvernig þau eru notuð – spila stórt hlutverk í öryggi fjölskyldunnar. Öryggi barna er ein af lykiláherslum okkar, sem við sýnum í verki meðal annars með stuðningi við Miðstöð slysavarna barna.

Herdís Storgaard vinnur af krafti að öryggi barna og býður til að mynda öllum foreldrum upp á 90 mínútna námskeið þeim að kostnaðarlausu. Herdís hefur jafnframt starfað hjá IKEA í Svíþjóð þar sem hún stýrir þjálfuninni „Mannleg hegðun og vöruöryggi“, og hún er einnig hluti af alþjóðlegu ráðgjafaráði IKEA fyrir börn.



Vefnaður til hjálparstarfs kirkjunnar

Öllum vefnaði sem fellur til hjá fyrirtækinu er safnað saman og honum komið í endurnýtingu. Hluti hans hefur til dæmis farið til Hjálparstarfs kirkjunnar þar sem hann er nýttur á saumastofu á þeirra vegum.



Laufið

IKEA var í samstarfi við Laufið, fyrstu grænu upplýsingaveituna, á árinu. Í gegnum Laufið getur fólk metið fyrirtæki út frá aðgerðum þeirra í loftslagsmálum og fylgst með framvindu þeirra í sínum grænu skrefum.

Við unnum markvisst að því að skrá niður þau lauf og grænu skref sem var lokið og kerfið veitti okkur innblástur að nýjum markmiðum.






Kolefnisbókhalð

Sjálfbærniuppgjör IKEA á Íslandi er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019 og meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar. Uppgjörið er tekið saman í sjálfbærnihugbúnaði Klappa og hefur að geyma allar helstu tölulegu upplýsingar um sjálfbærniþætti í rekstri IKEA á Íslandi.







IKEA X PLASTPLAN

Árið 2023 var IKEA á Íslandi í samstarfi við Plastplan, frumkvöðlafyrirtæki sem endurvinnur plast og veitir því nýjan tilgang í formi nytjahluta. Mánaðarlega sækir starfsfólk Plastplans plast til IKEA sem eftir hugmyndavinnu, hönnun og prófanir verða úr hlutir sem koma til með að gagnast okkur eða viðskiptavinum okkar á einhvern hátt. Samstarfið hefur fætt af sér ýmsa hluti en sá nýjasti, Dalahesturinn, er veittur sem viðurkenning á námskeiðum fyrir starfsfólk - eins og hefð er fyrir í IKEA heiminum.



Plokkdagur

Plokkdagur IKEA var haldinn 5. maí þar sem öllum innan fyrirtækisins var boðið að grípa poka og tínu, og hreinsa til í Kaupþúninu. Að loknu góðu verki voru grillaðar pylsur og úr varð skemmtilegur og frábrugðinn dagur fyrir alla sem tóku þátt. Ætlunin er að plokkdagur IKEA verði árviss viðburður.





Nærumhverfi

Plokkdagurinn er ekki eini dagur ársins sem við tökum til í nágrenninu okkar því starfsfólk í eignaumsjónardeildinni sér til þess að þar sé hreint og fínt yfir veturinn og á sumrin starfar fríður flokkur unglinga við að halda umhverfinu snyrtilegu og fallegu.



Umhverfis- hópur

Umhverfishópur IKEA var starfræktur á árinu, skipaður starfsfólki víða að úr fyrirtækinu sem lætur sig sjálfbærni varða. Á fundum hópsins var farið yfir ýmislegt sem tengist sjálfbærni innan fyrirtækisins og hægt að koma á framfæri hugmyndum og athugasemdum.



Hej!





Íslenska ánægjuvogin


Íslenska ánægjuvogin er mælikvarði á ánægju viðskiptavina, sem er mæld reglulega yfir árið, auk annarra þátta sem hafa áhrif á hana eins og ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina. IKEA hefur verið marktækt hæst í flokki húsgagnaverslana frá upphafi mælinga í þeim flokki, nú í ár með 76,6 stig! IKEA var hæst allra fyrirtækja á smásölumarkaði og þriðja hæsta fyrirtækið af öllum sem mæld voru.






Vörumerkið

IKEA á Íslandi var valið besta alþjóðlega vörumerkið á Íslandi 2023. Vörumerkjastofan brandr stendur fyrir verðlaununum og það er fjölmenn valnefnd sem velur sigurvegara. Hluti af ferlinu við valið er mæling á vörumerkjavísitölu og var meðalmæling IKEA 83 sem er um 17% yfir meðaltali allra fyrirtækja á einstaklingsmarkaði, sem var 71. Meðmæla-, trausts- og tryggðarvísitölur voru allar yfir meðallagi og erum við mjög stolt af þessum niðurstöðum. Mældir voru eftirfarandi flokkar: aðgreining, markaðshlutun, ímynd og samfélagsábyrgð og sjálfbærni.



▲ Aðgreining ▲ Markaðshlutun ▲ Ímynd ▲ SÁ&S



Hvað kemur upp í huga fólks þegar það hugsar um IKEA?

Orðaskýið sýnir þau orð sem voru viðskiptavinum efst í huga þegar þeir hugsuðu um IKEA samkvæmt mælingu brandr.



Umhverfis- stefna IKEA á Íslandi

- ▶ Meta alla birgja í virðiskeðjunni út frá sjálfbærniáherslum
- ▶ Bæta flokkunaraðstöðu og flokkunarfræðslu fyrir starfsfólk
- ▶ Ná flokkunarhlutfalli í 90% og endurvinnsluhlutfalli í 75% við lok rekstrarársins 2025
- ▶ Draga úr notkun á einnota plasti hvar sem því verður við komið
- ▶ Draga úr heildarlosun um 20% fyrir FY25 miðað við FY16
- ▶ Draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá heimsendingum um 50% fyrir FY30 miðað við FY16





- ▶ Draga úr matarsóun í rekstri og veita fræðslu um leiðir til þess að draga úr matarsóun
- ▶ Bjóða alltaf upp á grænkerakost á veitingastað fyrir viðskiptavinum og í mötuneyti fyrir starfsfólk
- ▶ Að eldsneytisnotkun aukist ekki á sama tíma og leitað verður leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis
- ▶ Efla hringrásarhugsun, m.a. með samstarfi við frumkvöðla og fræðslu bæði inn á við og út á við
- ▶ Ná kolefnishlutleysi fyrir FY30
- ▶ Hvetja starfsfólk til að velja vistvæna ferðamáta til og frá vinnu

Lykiltölur

- ▶ Heildarlosun úr umfangi 1, 2 og 3 dróst saman um 25%, fór úr 2.306 niður í 1.730 tCO₂í. Losun vegna vöruflutninga eru langstærsti hluti kolefnisspors fyrirtækisins og eru flutningstölur ársins í endurskoðun eins og kemur fram í skýringum.
- ▶ Ástarfsárinu var gerð könnun á heildarlosun samgangna starfsmanna og mældist hún 172 kolefnisígildistonn.
- ▶ Heildarmagn úrgangs jókst um 11%, fór úr 903.796 kg í 1.006.836 kg.
- ▶ Flokkunarhlutfall viðskiptaársins var 80,8% sem er lækkun frá 82,7% árið á undan. Endurvinnsluhlutfallið var stöðugt og mældist 71,5% í ár en 71,8% árið áður.





- ▶ Flokkunarmarkmið hafa verið endurskoðuð og er markmiðið að fyrir lok viðskiptaársins 2023 verði flokkunarhlutfall 90% og endurvinnsluhlutfall 75%. Hafnar eru umfangsmiklar breytingar á húsnæði IKEA á Íslandi sem fela meðal annars í sér miklar umbætur á flokkunaraðstöðu.
- ▶ Allar innfluttar vörur koma nú til okkar á pappabrettum. Þau eru léttari, nota 30% minna efni og eru 20% sterkari en viður, og þar að auki er þægilegra að endurvinna þau.

